

Fjölbreytt myndlist á Kjarvalsstöðum



Valtýr Pétursson við myndaröð sína um kaffibrúsann sem kennd er við fyrrum forseta Frakklands De Gaulle. Ljósm. gel.



Kristján Davíðsson, Þorvaldur Skúlason og Karl Kvaran undirbúa sýningu Septemhópsins að Kjarvalsstöðum.

„Gömlu mennirnir" fara á kreik

Septemhópurinn að Kjarvalsstöðum

Septemhópurinn, sem í eru nokkir af elstu og reyndustu myndlistarmönnum landsins, opnaði sýningu að Kjarvalsstöðum sl. laugardag. Þetta er 8. sýningin sem hópurinn heldur í „þessari lotu" eins og Valtýr Pétursson komst að orði. Hér fyrr á árum sýndi hópurinn saman og vakti bæði aðdáun og hneykslun, en síðar varð hlé á, þar til fyrir 8 árum að „gömlu mennirnir" (reyndar er í hópnum ein kona, en eins og allir vita eru konur líka menn) tóku aftur upp þráðinn.

Að þessu sinni eru um 80 verk á sýningunni og að öðrum ólöstuðum hlýtur að vekja hvað mesta athygli að Sigurjón Ólafsson myndhöggvari á hvorki meira né minna en 19 verk þarna í vestursalnum. Annar Nestor íslenskrar myndlistar Þorvaldur Skúlason lætur ekki sitt eftir liggja, en hann rær reyndar á fleiri mið þessa dagana, eins og listunnendur vita. Valtýr komst svo að orði að líklega væri Þorvaldur að feta í fórspor Picassos sem á níræðisaldri sýndi á meira en hundrað stöðum í einu.

Valtýr fylgdi blaðamanni um salinn, meðan aðrir þátttakendur sátu hinir rólegustu og sögðu Valtý formann hópsins. Við litum á verk þeirra sem áður eru nefndir og hinna, þeirra Guðmundu Andrésdóttur, Jóhannesar Jóhannesonar, Karls Kvaran og Kristjáns Davíðssonar. Sá síðastnefndi hefur eins og Þorvaldur fleiri járn í eldinum niðri í miðbæ.

Valtýr sagði að megnið af myndunum væri til sölu, þar gæti að líta verk, sem flest væru með abstrakt undirtónum, þó að menn eins og hann sjálfur hefðu verið að fikra sig í átt til hlutbundnari forma. Myndir Valtýs eru eins konar sería, stef um kaffibrúsa, sem hann kennir við De Gaulle. Það þarf ekki annað en að líta á myndirnar til að sjá hvað við er átt.

Það var ekki annað að sjá að Kjarvalsstöðum en að Septemhópurinn væri hinn hressasti, enda sagði Valtýr að hann hefði aldrei verið „aktífari" svo gripið sé til útlenskunnar. Það verkar hvetjandi á listamennina að sýna árlega og það eru engin smá afköst sem getur að líta á veggjunum. Septemhópurinn er löngu viðurkenndur, abstraktið vekur ekki lengur deilur, nema hvað sumum finnst það heyra fortíðinni til. Svo er reyndar ekki að sjá þegar litið er við að Kjarvalsstöðum, þar lifir það góðu lífi í litagleði og margs konar formum Septemhópsins. Sýningin stendur til 20. sept.

—ká


Hallsteinn Sigurðsson að Kjarvalsstöðum

Höggmyndir úti og inni

Framan við Kjarvalssalinn hefur Hallsteinn Sigurðsson komið fyrir 28 höggmyndum sem unnar eru í epoxy kvarts, steinsteypu og plötujárn. Þetta er 5. einkasýning Hallsteins en hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann, listaskóla í London auk þess sem hann hefur farið í námsferðir til Ítalíu og Grikklands.

Sýningin er bæði inni á ganginum og úti á stéttinni. Gestir geta því gengið út og inn og horft á verkin frá öllum hliðum. Hallsteinn sagði það skemmtilega tilbreytingu að geta sýnt verkin með húsið sem bakhjarl, því þegar höggmyndir væru einhvers staðar úti á strætum eða túnum vildu þau gjarnan týnast í viðáttunni. Sýningin stendur til 20. sept. og er opin á opnunartíma hússins.

—ká



Höggmyndir Hallsteins Sigurðssonar eru bæði utan og innan dyra að Kjarvalsstöðum. Ljósm. gel.



Ása Ólafsdóttir vefari við eitt veggteppanna sem hún sýnir að Kjarvalsstöðum. Ljósm.: gel.

Vefnaður á göngum Kjarvalsstaða

Konur, jöklar, torf og náttúra

Á göngum Kjarvalsstaða hanga nú veggteppi Ásu Ólafsdóttur 21 að tölu. Ása hefur ekki áður sýnt verk sín á einkasýningu hér á landi, en undanfarin ár hefur hún verið búsett í Svíþjóð.

Ása vefur teppin úr ull, hör, bómull og silki og hjá henni getur að líta teppi sem búa yfir mikilli litadýrð svo og látlausum myndum með mismunandi áferð. Jöklar, torfhleðslur, náttúran og konur koma við sögu, en eins og oftast er sjón sögu ríkari.

Ása var að ganga frá teppunum er blaðamann og ljósmyndara bar að. Hún sagði að það væri mikið verk að undirbúa svona sýningu, hún hefði þurft að mála hlerana sem eru baksvið teppanna og bera þá upp í ganginn, sem væri sko meiriháttar púl. Hún sagði að verkin á sýningunni hefðu verið í vinnslu á annað ár, en það gæti tekið allt að tvo mánuði að vefa myndina eftir að skyssa lægi fyrir og garnið hefði verið litað.

Sýning Ásu stendur fram til 20. september.

—ká